

Forseti – ágætu bæjarfulltrúar.

Verkefni Velferðarráðs eru margvísleg og snerta nær öll heimili hér á Akureyri. Undir velferðarráð heyrja þrjú svið; Fjölskyldusvið, Búsetusvið og Öldrunarheimilin. Verkefni sviðanna eru margvísleg og yfirgripsmikil og nær ómögulegt að gera þeim öllum skil hér í dag. Ég mun því fara í grófum dráttum yfir starfsemi þeirra, auk þess að fjalla um nýleg verkefni og hvað við ætlum okkur að gera á næstu mánuðum og árum.

Búsetusvið er hluti af félagsþjónustu Akureyrarbæjar og veitir íbúum bæjarins ýmiss konar búsetuþjónustu. Einnig hefur sviðið sinnt þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum sem hafa verið gerðir. Þegar við tölum um búsetuþjónustu þá erum við að horfa til þess að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða að skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir fötlun eða veikindi eða skerðingu og breytingu á högum sem kunna að verða þegar aldurinn færir yfir. Búsetusvið vinnur eftir þrjúþættu hugmyndafræði sem stuðlar að því að ramma inn þá þjónustu sem í boði er, Valdeflingu, Þjónandi leiðsögn og Skaðaminnkandi nálgun.

Búsetusvið Akureyrarbæjar veitir mjög fjölbreytta þjónustu. Þar á meðal: Heimaþjónusta, Heimsendan mat, Félagslega liðveislu, Búsetu með þjónustu, Skammtíamavistun fyrir fatlað fólk, Skólavistun fatlaðra barna, Ráðgjöf iðjupjálfa og Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Félagsleg heimaþjónusta hefur aukist jafnt og þétt, sem er í fullu samræmi við þá stefnu að fólk geti búið sem lengst heima. Þjónustan skiptist í tvo hluta, almenna heimaþjónustu og sértæka heimaþjónustu. Sú almenna er þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Meirihluti þjónustuþega almennu heimaþjónustunnar eru eldri borgarar. Öryrkjar er sá þjónustuhópur sem hefur stækkað mest frá síðasta ári eða um 69%.

Ráðgjöfin heim er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er ætluð fullorðnum fötluðum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu. Á síðasta ári fengu 46 einstaklingar þjónustu en það er rúmlega helmingi aukning frá fyrra ári. Ekki hefur tekist að sinna öllum beiðnum um þjónustuna og um síðustu áramót voru um 5 einstaklingar á biðlista.

Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð sem ætluð er til að rjúfa félagslega einangrun og styrkja fólk til þátttöku í menningar- og félagslífi. Vanalega annast einn starfsmaður félagslega liðveislu með hverjum einstakling en á síðasta ári var einnig veitt félagsleg liðveisla í nokkra hópa. Þar má til dæmis nefna hópliðveislu í Rósenborg fyrir drengi á aldrinum 10-16 ára í samstarfi við samfélags- og mannréttindadeild, þetta var gert til að stytta biðtíma eftir liðveislu og alls tóku 5 drengir þátt í því hópstarfi.

Kapparnir er nýlegt sumarúrræði fyrir fötluð börn á aldrinum 7-10 ára sem ekki geta nýtt sér þau námskeið sem í boði eru á vegum Íþróttafélaga og fleiri aðila. Kapparnir hafa verið starfræktir í tvö ár og er samvinnuverkefni milli fjölskyldu-, búsetu- og samfélags- og mannréttindasviðs. Mikil ánægja hefur verið með þetta úrræði meðal barna, foreldra og starfsmanna. 12-14 börn hafa nýtt sér úrræðið árlega. Staðan er hinsvegar sú að sum þeirra barna sem hafa nýtt Kappana eru orðin of gömul fyrir úrræðið og er uppi hugmynd um að

starfrækja tvo hópa og aldurskipta þeim. Með nýjum lögum um málefni fatlaðra er frístundþjónusta fyrir fötluð börn með langvarandi stuðningsþarfir orðin lögboðin þjónusta og því þarf að endurskoða alla frístundþjónustu fyrir þessi börn, þetta á ekki bara við sumartímann heldur allt árið.

Búseta með þjónustu er frekar víðtæk en á biðlista eftir búsetu í lok síðasta árs voru 25 einstaklingar. 19 voru á bið eftir þjónustukjarna en 5 á bið eftir áfangaheimili. Auk þess var eitt barn í bið eftir varanlegu búsetuúrræði. Undanfarin ár hafa þó nokkrir einstaklingar, sem þurfa umtalsverða þjónustu, flust nálægt þjónustukjarna. Á þann hátt er hægt að veita ráðgjöf, þjónustu, stuðning og öryggi sem felst í því að vera í mikilli nálægð við sólarhringsþjónustu án þess að flytja inn í þjónustukjarnann.

Svokallað Gránufélagsteymi eða Vettvangsteymi er þjónusta fyrir einstaklinga með tvíþætta greiningu og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl.10-20 alla daga vikunnar. Á síðasta ári fengu 47 einstaklingar þjónustu frá teyminu og hefur fjöldinn því ríflega tvöfaldast. Á árinu færðist forstaða teymisins yfir til heimaþjónustu Stoðar og iðjuþjálfari var ráðinn sem verkefnastjóri og ráðgjafi. Með þessum breytingum varð aukin samvinna og samlegð með annarri heimaþjónustu sem skýrir að einhverjum hluta þessa aukningu í þjónustu.

Akureyrarbær hefur verið þátttakandi í tilraunaverkefni sem snýr að Notendastýrði Persónulegri Aðstoð (NPA). Fyrstu samningarnir voru fjórir, vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Á síðasta ári voru gerðir sambærilegir samningar og áður, alls fimm samningar vegna sex einstaklinga. Þarna er um að ræða þrjú fullorðna og þrjú börn. Í lok síðasta árs var NPA lögfest og í kjölfarið auglýstum við eftir umsóknum um NPA. Þrír einstaklingar sóttu um þessa þjónustu og verða þá innan Akureyrar 9 einstaklingar með notendastýrða persónulega aðstoð.

Á síðasta ári var haldið áfram með þrjú verkefni sem fóru af stað árið 2017. Tvö þessara verkefna leggja áherslu á úrræði og afþreyingu fyrir börn annarsvegar og fullorðna hinsvegar yfir sumartímann. Þriðja verkefnið miðar að því að auka lífsleikni einstaklinga með verulegar stuðningsþarfir sem lokið hafa námi af sérbraut VMA. Það verkefni sem hófst á árinu 2018 var tilraunaverkefni til að auka þátttöku einstaklinga sem glíma við geðræn- og félagsleg vandamál. Einnig var jarðvegsvinna hafin til undirbúnings fyrir byggingu nýs íbúðarkjarna með 6 íbúðum sem tekin verður í notkun árið 2020.

Sumarúrræði fyrir fullorðna var starfrækt í fyrsta skipti á síðasta ári á meðan starfsemi dagþjónustustofnunar í Skógarlundi var lokað vegna sumarfría starfsmanna. Þá var húsnaðið notað fyrir sumarúrræði fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga. Þar var fötluðu fólki og þá sérstaklega fastagestum Skógarlundar boðið upp á tómsfundadagskrá sem miðaðist við áhugasvið og getu hópsins. Hæfingastöðin er með mjög viðkvæman skjólstaðingahóp sem á oft erfitt með breytingar. Verkefnastjóri hélt utan um skipulag og ráðnir voru þrír starfsmenn í fjórar vikur til að sinna verkefninu.

Fótbolti án fordóma er skemmtilegt hópastarf fyrir einstaklinga sem glíma við geðrænan- og félagslegan vanda. Þetta verkefni er svo sannarlega til marks um hversu öflugan mannauð

við eigum í starfsfólkinu okkar hér þar sem þessar æfingar voru fyrir tilstilli sjálfböðavinnu starfsmanns tengdum geðúrræðum á vegum Búsetusviðs. Boðið er upp á fótboltaæfingar eða aðra hreyfingu að minnsta kosti einu sinni í viku. Styrkur var fenginn frá Frístundaráði Akureyrar fyrir leigu á íþróttasal og hefur félagsleg liðveisla sem hluti af hópliðveislu komið til að virkja hópastarfið enn betur. Einnig hefur verkefnið verið styrkt af Lýðheilsusjóði Landlæknisembættisins.

Notendaráð fatlaðs fólks hefur verið starfrækt í tvö ár og í vikunni verður boðað til fyrsta fundar í nýskipuðum Samráðshópi um málefni fatlaðs fólks. Þessi nýji hópur er samráðsvettvangur um þjónustu við fatlað fólk og þróun mála sem varðar fatlað fólk innan Akureyrarbæjar. Samráðshópurinn er vettvangur samráðs fatlaðs fólks á Akureyri, félaga- og hagsmunasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.

Fjölskyldusvið veitir þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þar er einnig tekið á móti og unnið úr umsóknum um fjárhagsaðstoð, veitt félagsleg ráðgjöf og unnið að því að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Tekið er við umsóknum um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og umönnunarpörfin metin. Undir sviðinu er einnig umsjón félagslegra íbúða Akureyrarbæjar og þar er jafnframt tekið við og unnið úr umsóknum fyrir sérstakan húsnæðisstuðning.

Á síðasta ári voru sett ný lög um persónuvernd og hvernig unnið skuli úr persónuupplýsingum en það er óhætt að segja að það hafi sett mark sitt á starfsemi sviðsins. Mikil vinna fór af stað með bæjarlögmanni og greiningarvinna unnin. Í kjölfarið þurfti að aðlaga og breyta meðferð persónulegra gagna. Samhliða því er innleiðing á rafrænni stjórnsýslu í sveitarfélaginu mikilvægt tæki til þess að bæta aðgengi að þjónustunni og stuðla að aukinni hagræðingu. Nauðsynlegt er að halda áfram þeirri vinnu til að auka sýnileika og bæta upplýsingaflæði til íbúa.

Undanfarin ár höfum við fengið til okkar fólk af erlendum uppruna sem þarf að hlúa betur að. Þetta er vaxandi hópur fólks sem þarf sérhæfða þjónustu og mun ekki fara minnkandi með árunum, Nú er komið á samstarf milli fjölskyldusviðs og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um þróun verkferla í málefnum flóttafólks og hælisleitenda en æ fleiri sem eru í þeirri stöðu þurfa að leita sér aðstoðar hjá félagsþjónustu.

Á síðasta ári var tekið við 554 barnaverndartilkyningum sem er örlítill fækkun frá fyrra ári og jákvæð þróun því hingað til hefur málum frekar verið að fjölga á milli ára.

Í lok síðasta árs voru 18 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar sem er aukning frá árinu á undan. Þá voru 9 börn í tímabundnu fóstri í lok ársins. Ýmis samstarfsverkefni og úrræði í barnavernd eru í gangi á hverjum tíma. Meðal þeirra eru: „Meðan glugginn er opin“ en það er samstarfsverkefni lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar um viðbrögð við heimilisofbeldi. Það byrjaði sem tilraunaverkefni árið 2015 og er í dag orðið fast verklag og fer málum fjölgandi ár frá ári. „Skólasmíðjan“ er samstarfsverkefni samfélagssviðs, fjölskyldusviðs og fræðslusviðs og á hún að koma til móts við þarfir unglinga í ákveðnum áhættuhópi, sem og þurfa sérstakt úrræði utan síns skóla. Undanfarna mánuði og ár hefur

þurft í nokkrum tilfellum að fjarlægja börn af heimili með engum fyrirvara. Samið hefur verið við fjölskyldur um að vera alltaf tilbúna að taka á móti börnum þegar þörf er á. Þetta er ekki góður kostur og skoða þarf hvaða kosti við höfum aðra.

Timabundinni stöðu áfengis- og vímuefnaráðgjafa var komið á og tókst verkefnið vel. Framkvæmd var þarfagreining sem leiddi það í ljós að fullt tilefni væri til að halda þessari stöðu inni til frambúðar.

Á síðasta ári voru keypt nokkur hús fyrir þá sem þurfa að vera í sérbyli af ýmsum ástæðum. Það mætti þörfum okkar tímabundið en núna er þörfin mikil, bæði fyrir þá sem eru að koma úr meðferð eða fangelsi en einnig og sérstaklega fyrir þá sem eru í neyslu. Þar er nauðsynlegt að horfa til langtíma úrræða með skaðaminnkandi nálgun í huga. Eins og staðan er í dag eru um 15-20 karlmenn sem þarf að huga að, hvort sem það er húsnæði eða áfangaheimili. Við viljum að fólk geti snúið aftur í samfélagið með aukna möguleika á að ná sér á strik. Ég tel nauðsynlegt að við setjum fullan þunga í að skoða möguleika okkar í þessum málum. Kynna okkur hvað nágrannapjódur okkar eru að gera, negla niður stefnu í þessum málum og útbúa tímasettan aðgerðarlista.

Bjarmahlíð er þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi. Miðstöðin er samstarfsverkefni Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, Akureyrarbæjar, Afslins, Háskólans á Akureyri, Sjúkrahússins á Akureyri, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Samtaka um kvennaathvarf, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennáráðgjafarinnar. Búið er að ráða teymisstjóra, Guðrúnu Kristínu Blöndal.

Markmiðið er að samhæfa þjónustu og úrræði fyrir þolendur ofbeldis á einum stað, efla fræðslu, þekkingu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis, vera miðstöð upplýsinga og fræðslu um málefni sem tengjast ofbeldi og fylgjast með rannsóknum og nýjungum í málaflokknum ásamt því að bæta í þjónustu við hópa í viðkvæmri stöðu og stuðla að þverfaglegri samvinnu. Þolendamiðstöðin var opnuð þann 1. apríl síðastliðinn og er staðsett til húsa að Aðalstræti 14 þar sem Aflið hefur einnig aðsetur.

Útibú Barnahúss opnaði hér á Akureyri þann 1. apríl síðastliðinn. Það er samvinnuverkefni milli barnaverndar Eyjafjarðar, Velferðarráðuneytis, Barnaverndarstofu, Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og Dómstólasýslu. Í útibúinu fara fram meðferðarviðtöl, skýrslutökur fyrir dómi og könnunarviðtöl. Þar er fullkomin aðstaða og tækniþúnaður í fremstu röð sem nýtist mjög vel við skýrslutöku og í könnunarviðtölum. Það að geta verið á heimaslóðum barnsins minnkar álag á fjölskylduna svo ekki sé minnst á að þetta sparar vinnutíma starfsmanna og kostnað. Fyrstu vikuna sem starfsemin var hér voru 6 skýrslutökur.

Akureyrarbær leigir út 342 félagslegar leiguíbúðir en inn í þeirri tölu er sértækt húsnæði ætlað fötluðu fólki. Þessar leiguíbúðir eru ætlaðar fólki sem ekki getur aflað sér húsnæðis með öðrum hætti og uppfyllir skilyrði reglna um leiguíbúðir Akureyrarbæjar. Langur biðlisti er eftir félagslegu leiguhúsnæði en í lok síðasta árs voru 121 umsækjandi á biðlista eftir leiguíbúð og auk þess voru 19 að bíða eftir flutningi milli íbúða Akureyrarbæjar. Biðin er lengst eftir 2 herbergja íbúð eða um 4 ár.

Á síðasta ári bárust 191 umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning, af þeim voru 133 samþykktar en 58 synjað. Umsóknir sem voru endurnýjaðar eru ekki teknar með í þeirri tölu. Útgjöld til þessa málaflokks á árinu voru rúmar 75 mkr sem var hækkun um 23 mkr frá fyrra ári. Stuðningsfjárhæðir voru hækkaðar verulega með breytingum á reglum sem tóku gildi 1. mars 2018, en einnig fjölgaði verulega í hópi stuðningsþega á árinu.

Öldrunarheimili Akureyrar eru hluti af félags- og velferðarþjónustu Akureyrarbæjar en þar er veitt ýmiss konar þjónusta og ráðgjöf á sviði öldrunarþjónustu. Starfrækt eru hjúkrunar- og dvalarrými fyrir aldraða og aðra einstaklinga sem hafa viðurkennt mat á þörf. Ásamt almennum rýmum eru í boði sértæk rými í dagþjálfun fyrir aldraða og einstaklinga með heilabilun og núna nýlega einnigsérstök geðrými. Samkvæmt sérstökum samningi eiga nokkur nágrannasveitarfélög kost á þjónustu á öldrunarheimilinum. Á öldrunarheimilinum er starfað eftir hugmyndafræði Eden og þjónandi leiðsagnar með áherslu á eflingu og stuðningi til sjálfsbjargar og sjálfstæðis íbúa og notenda þjónustunnar. Akureyrarbær rekur Öldrunarheimilin samkvæmt sérstökum samningi við heilbrigðis- og velferðarráðuneyti og starfa þau á grundvelli laga, kröfulýsinga og stefnumiða um þjónustu við aldraða.

Framtíðarsýn ÖA er að vera leiðandi í hjúkrunar- og öldrunarþjónustu á Íslandi þar sem öll umönnun, almenn sem sérhæfð byggir á fræðilegum grunni. Með því er verið að veita á hverjum tíma heildstæða hjúkrunar- og öldrunarþjónustu sem stuðlar að auknum lífsgæðum íbúa og annarra þjónustuþega.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar eru núna starfrækt 173 hjúkrunarrými og 8 dvalarheimilisrými. Af 173 hjúkrunarrýmum eru 3 þeirra skráð sem geðrými á hjúkrunarheimili en þau komu til á síðari hluta seinasta árs. Geðrýmin svokölluðu, voru ekki viðbót heldur breyting á 3 rýmum sem fyrir voru. Undangengin ár hefur ÖA verið að fækka dvalarrýmum og fjölga hjúkrunarrýmum.

Af áður nefndum 173 hjúkrunarrýmum hafa 17 þeirra verið nýtt til tímabundnar dvalar. Um síðustu áramót hófst sérstakt verkefni um sveigjanlega dvöl í dagþjálfun þar sem fjármagn vegna 10 hjúkrunarrýma er nýtt til dagþjálfunar fyrir endurhæfingu fyrir einstaklinga með heilabilun og einnig almenna dagþjálfun. Verkefnið hefur notið stuðnings heilbrigðisráðuneytisins og er almennt talið framsækið verkefni í þróun og nýsköpun í þjónustu við eldra fólk. Gert er ráð fyrir því að það úrræði verði á þróunarstigi í að minnsta kosti 2 ár. Fyrstu vísbendingar gefa til kynna töluverða þörf fyrir sveigjanleika í dagdvöl og einnig eftir dvöl á rauðum dögum og um helgar, enda er opnunartími nú mögulegur alla daga ársins í stað einungis 220 daga eins og reglur kveða á um. Ný dagþjálfun virðist líka styðja betur við einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Enn eru rekin tímabundin pláss eða skammtímadvalir við ÖA og eru þau rými 7 talsins.

Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að sveigjanlega dagþjálfunin hófst hefur að mati stjórnenda hjá ÖA, tekist að sinna betur einstaklingsmiðun í þjónustunni og vinna að stuðningi við búsetu heima. Fleiri einstaklingar nýta sér nú þjónustu dagþjálfunar, voru vikulega um 60-70 manns en eru í dag milli 90-100. Frá því á miðju ári 2018 hefur hægt og sígandi verið að fækka þeim sem eru með færni og heilsumat og bíða eftir dvöl á hjúkrunarheimili. Nú í byrjun maí 2019 eru 38 sem bíða eftir dvöl í hjúkrunarrými og 11 í

dvalarrými. Þetta eru 11 færri einstaklingar en var í byrjun ársins og 15 færri en á sama tíma 2018. Sem stendur er því heldur að fækka á svokölluðum „biðlistum“ sem vonandi bendir til að áherslubreytingar í þjónustunni og einstaklingsmiðun sé að skila árangri.

Í velferðarstefnunni og með ýmsum verkefnum sem ÖA hafa unnið að, er mörkuð sú áhersla að vinna að málefnum einstaklinga með heilabilun. Þetta endurspeglast í samstarfssamningi ÖA við Alzheimersamtökin og í ráðningu hjúkrunarfræðings sem sérstaklega sinnir ráðgjöf á sviði heilabilunar. Það samstarf mun á þessu ári þróa enn frekar með aukinni áherslu á ráðgjöf og fræðslu um heilabilun á vegum Búsetusviðs og Fjölskyldusviðs. Samhliða þessu er unnið að eflingu á þjónustu Sjúkrahússins við einstaklinga með heilabilun.

Á síðustu misserum hafa húsnæðismál ÖA og framtíðarskipan verið til skoðunar. Ljóst er að alltof mörg núverandi húsrými innan ÖA sem nýtt eru sem hjúkrunarpláss, uppfylla ekki þau viðmið sem gilda í dag um slík rými. Lítur það bæði að skipulagi þeirra, stærð, búnaði og hreinlætisaðstöðu. Með þetta í huga hafa verið unnin frumdrög að áformum um endurbætur annars vegar og nýbyggingu hjúkrunarrýma. Á grundvelli samþykktu bæjarráðs og bæjarstjórnar, eru yfirstandandi viðræður við heilbrigðisráðuneytið um að Akureyrarbær byggji um 60 hjúkrunarrými, sem væntanlega verði viðbygging við Lögmannshlíð og muni þar með fjölga hjúkrunarrýmum lítillaga og líka koma til með að bæta úr núverandi aðbúnaði. Áformin gera ráð fyrir að byggingu þessara rýma verði mögulega lokið síðari hluta árs 2022 eða fyrr hluta árs 2023.

Þessu til viðbótar eru núverandi byggingar ÖA sem þarfnast viðhalds og töluverða endurbóta. Hér er margt undir sem enn er á vinnslustigi, eins og endurbætur og tækjakostur í aðaleldhúsi, endurbætur á húsnæði og aðbúnaði í Víði- og Furuhlíð, og viðhald og endurbætur á matsal og sameiginlegu rýmum í Eini-, Greni-, Aspar- og Beykihlíð. Þessi vinna og áætlanagerð er í gangi hjá ÖA og UMSA og er væntanlegur samningur um byggingu við Lögmannshlíð fyrsta skrefið í að móta þá heildaráætlun.

Öllum er ljóst að nú þegar eru að eiga sér stað og að framundan eru miklar breytingar á aldurs-samsetningu þjóðarinnar. Eldri Íslendingum hefur fjölgað verulega og aldurs-samsetning íbúa á Akureyri endurspeglar nánast hlutföllin á landinu í heild. Spár og áætlanir til lengri tíma gera flestar ráð fyrir að 85% þeirra sem eru 80 ára og eldri muni geta búið heima og langlega í hjúkrunarrými sé minnkandi. Áherslan verði á forvarnir og heilsueflingu, aðstoð heima og stuðningsúrræði s.s. dagþjálfun og tímabundnar hvíldarinnlagnir.

Grundvallar þáttur í að mæta þeim áskorunum sem í þessum lýðfræðilegu breytingum felst er að efla samstarf, einfalda og samþætta þjónustuna og styrkja heildræna eða heilsteypa þjónustu við eldra fólk á Akureyri. Heildarlausnir felast ekki einungis í steinsteypu og byggingum, heldur líka í gæðum þjónustunnar og fagmennsku sem byggir á því að skapa tengsl og efla traust og nálægð við íbúa og notendur þjónustunnar.

Inn í framtíðarmyndina kemur nýja dagþjálfunin hjá ÖA, endurhæfingarteymi hjá Búsetudeild, ráðgjöf og stuðningur við fjölskyldur einstaklinga með heilabilun og einnig velferðartæknin. Það eru óumdeilt verulega mörg tækifæri ónýtt þegar kemur að notkun tækni í

velferðarþjónustu. Það hefur verið staðfest í skýrslum og stefnuskjölum og líka í nýsköpunar og tækniverkefnum sem ÖA hefur unnið að. En það er sérlega ánægjulegt að vita til þess að innan félags- og velferðarþjónustunnar á Akureyri er áhugi, frumkvæði og kraftur til að sækja enn frekar fram á þessu sviði, með stuðningi og hvatningu Velferðarráðs og bæjarstjórnar Akureyrar.

Að lokum, eins og flestum hér inni er kunnugt var mikil vinna í lögð í velferðarstefnuna sem var samþykkt í bæjarstjórn þann 5. september á síðasta ári. Með velferðarstefnunni var mótuð sameiginleg framtíðarsýn ásamt gildum og stefnum í velferðarmálum sveitarfélagsins í samstarfi við fagaðila. Í stefnunni eru sett fram markmið, mælikvarðar og aðgerðir sem stuðla að almennri velferð íbúa bæjarfélagsins. Í dag hefur aðgerðaráætlun ásamt stefnunni verið send til ráða og nefnda bæjarins til að þau geti farið yfir hvort að þau atriði sem snúa að þeirra ráði sé rétt, raunhæf eða hvort hægt sé að gera hlutina á annan hátt.

Velferðarstefnan hefur það markmið að félags- og velferðarþjónustan á Akureyri skuli vera fagleg og framsækin. Það er reynsla okkar sem störfum í velferðarráði að svo sé og mikill metnaður hjá starfsfólki og stjórnendum til að sækja fram, þróa og bæta starfið út frá því markmiði að styðja og efla velferð og lífsgæði íbúa á Akureyri.

Velferðarráð hefur unnið mjög vel saman og greinilegt að um er að ræða góðan hóp sem vill láta gott af sér leiða og er umhugað um að sem best verði að málum staðið. Ég vil þakka öllum fulltrúum í ráðinu fyrir vel unnin störf og ég veit að við munum halda áfram þessari góðu samvinnu.

Takk fyrir